# ÍBÚÐABYGGÐ VIÐ GUNNARSGERÐI, HVOLSVELLI
## DEILISKIPULAGSBREYTING, NÓVEMBER 2016 - M. 1:1000




GILDANDI DEILISKIPULAG M. 1:1000

Gildandi deiliskipulag samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 25.11.2004 með áorðnum breytingum samþykktum 08.10.2009.




TILLAGA AÐ BREYTINGU M. 1:1000

## GREINARGERÐ

### ÁGRIP

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur ákveðið að breyta deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Gunnarsgerði (ÍB-110) sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. 03. 2008. Samkvæmt aðalskipulagi er svæði ÍB-110 skilgreint 1,7 ha að stærð.

Ástæða endurskoðunarinnar eru margvíslegar svo sem fábreytileiki húsgerða, skortur á gestabílastæðum, skilgreining byggingarreita, stærð opins svæðis á milli Gunnarsgerðis og Króktúns og fl.

Skipulagsgögn er uppdráttur þessi nr. 001 með greinargerð og skipulags- og byggingarskilmálum dags. 30. 11. 2016.

### SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er norður af byggðinni við Njálsgerði og er síðasta húsagatan til norðurs áður en ráðist verður í uppbyggingu á nýbyggingasvæðum (ÍB-130 og ÍB-131) norðan núverandi þéttbýlis. Svæðið er á sléttlendi og aðkoma verður um Vallarbraut sem liggur í norður/suður stefni meðfram íþróttasvæðinu. Nýbýlavegi.

Í tengslum við gerð aðalskipulags Rangárþings eystra 2003-2015 fór fram aðalskráning fornleifa á Hvolsvelli og kortlagning á völdum minjum. Ekki fundust fornleifar innan afmörkunar deiliskipulagsbreytingarinnar.

### TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Deiliskipulagsáætlunin er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024.

### FORSENDUR, MARKMIÐ OG INNTAK DEILISKIPULAGSTILLÖGU,

**Forsendur og markmið**

Markmið tillögunnar er að bregðast við brýnni þörf á íbúðum á Hvolsvelli með því m. a. að skilgreina lóðir fyrir íbúðir í fjölbreytilegum einnar hæðar húsgerðum, rað-, par- og einbýlishúsum.

**Inntak breytinga**

Deiliskipulagið frá 2007 gerði ráð fyrir 15 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum og 8 íbúðum í einnar hæðar parhúsum, samtals 23 íbúðum.

- Breytingartillagan gerir ráð fyrir 18 íbúðum í einnar hæðar raðhúsum (R-1a, R-1b, R-1c og R-1d), 6 íbúðum í einnar hæðar parhúsum P-1a, P-1b) og þremur íbúðum í einnar hæðar einbýlishúsum (E-1a, E-1b), samtals 27 íbúðum.
- Breytingar á fjölda bílastæða. Almennt er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð fyrir hverja íbúð, en á lóð nr. 2 þar sem skilgreindar eru smáíbúðir er aðeins gerð krafa um 1 bílastæði á íbúð. Til viðbótar við bílastæði á lóðum koma samsíða gestastæði í götu.
- Breytingar á staðsetningu bílastæða á lóðum.
- Þar sem byggt hefur verið of nærri norður lóðarmörkum við Njálsgerði, norðan götu, eru þær lóðir (við Njálsgerði) stækkaðar um 3 m til norðurs.
- Þversniði Gunnarsgerðis breytt sbr. skýringarmynd á uppdrætti 001.

### SKILMÁLAR

**Byggingarreitir**

Hús skulu að öllu leyti standa innan skilgreindra byggingarreita. Þó er heimilt að útigeymslur og lagnainntök húsgerðar R-1d fari út fyrir bygginglínu að Gunnarsgerði. Í það minnsta hluti húshliðar skal standa í skilgreindri bindandi byggingarlínu.

**Húsgerðir**

Á svæðinu er heimilt að reisa einnar hæðar raðhús (R-1), parhús (P-1) og einbýlishús (E-1)
Bílgeymslur skulu vera innbyggðar. Ekki er gert ráð fyrir bílgeymslum í húsgerð R-1d.
Þök skulu almennt vera hallandi, sem næst 15°.
Efnisval er frjálst innan þeirra marka sem byggingarreglugerð setur.

**Raðhús (R-1)**

Á lóðinni nr. 1 er skilgreint einnar hæðar raðhús með fjórum íbúðum (R-1a)
Á lóðinni nr. 2 er skilgreint einnar hæðar raðhús með átta smáíbúðum (R-1d)
Á lóðinni nr. 3 er skilgreint einnar hæðar raðhús með þremur íbúðum (R-1b)
Á lóðinni nr. 4 er skilgreint einnar hæðar raðhús með þremur íbúðum (R-1c)

**Parhús. (P-1)**

Á lóðunum nr. 5 og 7 norðan götu eru skilgreind parhús (P-1a)
Á lóðinni nr. 6 sunnan götu er skilgreint parhús (P-1b)

**Einbýlishús. (E-1)**

Á lóðinni nr. 9 norðan götu er skilgreint einbýlishús (E-1a)
Á lóðunum nr. 8 og 10 sunnan götu eru skilgreind einbýlishús (E-1b)

**Nýtingarhlutfall**

Á uppdrætti er skráðar lóðastærðir og hámarksnýtingarhlutfall (N)

**Frágangur lóða**

Landhæð á lóðamörkum skal vera samkv. uppgefnum hæðarkótum á mæli- og hæðarblöðum. Miðað er við að lóðarhæð fylgi beinni línu á milli hæðakóta. Allt jarðrask utan lóðamarka er óheimilt. Lóðarhafar skulu ganga frá bílastæðum með bundnu slitlagi.






Þéttbýlisuppdráttur úr aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 (ekki í kvarða)

## SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| R-1 | Raðhús á einni hæð með innbyggðri bílgeymslu<br>R-1d (smáíbúðir) á lóð nr. 2 eru án bílgeymslu |
| P-1 | Parhús á einni hæð með innbyggðri bílgeymslu |
| E-1 | Einbýlishús á einni hæð með innbyggðri bílgeymslu |
| | Bifreiðastæði innan lóðar og fjöldi |
| | Útlínur lóða |
| | Byggingarreitur á lóð |
| | Bindandi byggingarlína<br>Hús snerti a.m.k. þá línu |
| | Megin mænisstefna |
| | Bílastæði samsíða Gunnarsgerði |
| | Gangstétt |
| | Mörk skipulagssvæðis |

## SAMÞYKKTIR:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _______________ til __________

var samþykkt í sveitarstjórn þann _______________2016.

__________________________________

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

**BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU:**

Legu Vallarbrautar norðan Njálsgerðis breytt og gatan ásamt göngustígum og grasreim færð um 3 m til vesturs. Hliðrunin er tekin upp við gatnamót Vallarbrautar og Njálsgerðis, þ. e. utan marka skipulagssvæðisins.Lóðirnar nr. 1 og 2 við Gunnarsgerði stækka til vesturs sem því nemur.

Heimilt er að útigeymslur með lagnainntökum á lóðinni Gunnarsgerði 2 (húgerð R-1d) gangi út úr byggingarlínu við Gunnarsgerði.
Bindandi byggingalína á lóðunum nr. 4,6,8 og 10 færist til suðurs og verður 7m frá norðurmörkum lóða. Dýpt byggingareita verður 15 m

ANNAÐ:

Á mæli- og hæðarblöðum koma fram stærðir og málsetningar lóða og byggingarreita, hæðarlega ásamt kvöðum vegna gatna, stíga, að- og fráveitna.
Hnitakerfi: Isnet
Hæðarkerfil: Isnet
Hæðarlínubil: 1m.
Húshorn eru mæld á þakbrúnum.
Lega göngustíga getur lítillega breyst við nánari hönnun þeirra.
Lóðastærðir og útfærsla gatna geta lítillega breyst við hönnun mæliblaða.
Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf vann að deiliskipulagsbreytingunni í samráði við skipulags- og byggingarnefnd Rangárþings eystra 2016.


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí.
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK
SÍMI: 552-8740 FAX: 562-8740
NETFANG: TEIKNA@TEIKNA.IS


RANGÁRÞING EYSTRA, HVOLSVÖLLUR

ÍBÚÐABYGGÐ VIÐ GUNNARSGERÐI

DEILISKIPULAGSBREYTING

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERK | 16-361 | BLAÐ | 001 |
| HANNAÐ | gy | TEIKNAÐ | gy |
| REYKJAVÍK | 2017-01-17 | | |
| KVARÐI | 1:1000, 1:500 á A2 | BREYTT | 2017-05-12 (eftir auglýsingu) |